Ávarp Sigurðar Guðmundssonar í Súluholti við opnun sýningar á listaverkum Eyjólfs Eyfells listmálara á Selfossi 17.7.1976.

Kæri Eyjólfur Eyfells,fjölskylda og aðrir áheyrendur.

Oft verður svo,þegar manni er margt í hug,að fæst af því verður orðum mótað á stuttri stundu,og svo fer mér nú,þegar ég vil minnast kynna okkar Eyjólfs Eyfells og þess staðar,sem eru æskuslóðir okkar beggja, Súluholts.Því verða það aðeins örfá orð,er ég flyt ykkur hér í dag,þó vissulega væri ótalmargt frasagnarvert.Ég er nú líka kominn á þann aldur,að mér finnst gaman að líta til baka og láta hugann reika til liðins tíma,til bernskuáranna. Mér er eins farið og fleirum,að þær minningar hafa yfir sér ljóma,og sólskinið er bjartara og hlýrra í minningunni en manni virðist það nú vera.

Við systkinin í Súluholti erum að leik úti við. Það er ekki upprunnin vélaöldin með háreysti sinni og hraða. Fátt er,sem til tíðinda má telja utan það er gest ber að garði.Þótt við krakkarnir séum heilshugar við leikinn,látum við samt ekki undir höfuð leggjast að fylgjast með því,sem kringum okkur gerist.Gleði okkar er því mikil,þegar við sjáum til ferðar göngumanns.Hann stefnir til okkar eins og leið liggur og skilar hratt áfram. Komumaður hefur meðferðis nokkuð fyrirferðarmikinn farangur,sem hann ber léttilega.Löngu áður en hann er kominn í kallfæri þekkjum við manninn.Það er hann Eyjólfur- Eyjólfur málari,eins og við krakkarnir sögðum jafnan í þá daga.Gleymdur er leikurinn þann daginn,en við flýtum okkur heim til bæjar eins hratt og fæturnir geta borið okkur að segja tíðindin.Vitum sem er, að Eyjólfur er jafn kærkominn gestur fullorðna fólkinu og okkur sjálfum.

Það er gaman að fá að sitja inni í baðstofu og hlusta á tal þeirra Eyjólfs og pabba.Þeir leiða fram á sjónarsviðið fjölda manns,fólkið sem bjó hérna á bæjunumþegar þeir voru að alast upp í Súluholti. Hér var þá margt um manninn og ótal brosleg atvik,sem þeir rifjuðu upp. Ekki eru þær sögur um neins konar misferli eða ósætti bæja milli né manna.Hefur mér fundist alltaf síðan,að slíkt hafi verið með öllu

ópekkt á þessu svæði í þá dagaþeirra sögur báru með sér lýsingar af fátæku fólki,fólki sem vann hörðum höndum myrkranna á milli til að hafa í sig og á,hjálpaði hvert öðru,þegar í nauðir rak,var laust við öfund og illgirni,en trúði og treysti handleiðslu æðri máttarvalda efunarlaust.

Ég hefi oft velt því fyrir mér,hvern hlut umhverfi manna í bernsku og uppvexti eigi í mótun persónuleika og hvern þátt það eigi í afrekum mannsins síðar á lífsleiðinni.Okkur er öllum ljóst,að listfengi hvers konar erfist,gengur oft mann fram af manni innan ákveðinn ætta.Ekki get ég tileinkað okkur Árnesingum listahæfileikana í fari Eyjólfs,því borinn er hann og barnfæddur undir Eyjafjöllum.Hitt er sönnu nær,að telja okkur til tekna aðra þætti gerða hans,og engan vafa tel ég á því,að umhverfið á snaran þátt í því,hvaða farveg listhneigð manna velur sér og hvernig hún er túlkuð.

Þótt Eyjólfur Eyfells kæmi iðulega til okkar að Súluholti og erindi hans væri vissulega það að halda við og treysta gömul kynni við fullorðna fólkið og heimahagana,þá gleymdist honum ekki að ræða við okkur,sem yngri vorum. Mér eru minnisstæðar margar stundirnar með honum bæði innan veggja og úti í högum,því að við vorum honum fylgisspakir liðsmenn,hvort heldur sem var í veiðiferðum eða öðrum erindum.Hann fræddi okkur um örnefni í landareigninni og sagði sögur þeim tengdar,en þetta kunni hann allt jafnt þeim sem aldrei höfðu að heiman farið. Núna síðastliðið haust áttum við Eyjólfur síðast samverustund í heimahögum.Hann var þá að vanda léttur á fæti og ungur í anda,þótt árunum fjölgi.

Vissulega hefur tækni vélaaldarinnar molað undir hæl sínum marga þá staði,er hugstæðir eru okkur frá bernskudögum.Þó hefur verið reynt að hlífa því sem hægt er. Það er ásetningur okkar sem nú búum í Súluholti að hrófla ekki við mörgum þeim stöðum,er við vitum að Eyjólfi eru kærir.Ást hans á þeim hefur- ef svo má að orði komast-gengið í arf til mín og míns fólks.Þó mér hafi ekki verið það gefið að sjá og skynja alla hluti á sama hátt og Eyjólfur,hefur aldrei að mér hvarfl-

að minnsti efi um það, að ótal margt ber það til í umhverfinu, sem fyllstu virðingar er vert, og mér finnst ófyrirgefanlegt að vinna gáleysisverk á fögrum og sérkennilegum náttúrusmíðum, þó kannski séu ekki allar stórar í sniðum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Eyjólfi Eyfells ævilanga tryggð og vináttu til míns fólks, svo þar hefur aldrei skugga á borið. Mér er einnig óhætt að flytja honum þakkir fjölmargra annarra hér austanfjalls, því ég veit með vissu: hafi eitt sinn vinátta tekist með Eyjólfi og einhverjum öðrum, mun hún ekki framar slitna hérna megin grafar. Einnig vil ég þakka honum alla þá fegurð og það yndi sem hann hefur með verkum sínum flutt inn í híbýli ótal margra og þannig aukið við og glætt tilfinningu okkar fyrir fegurð og mikilleik fósturjarðarinnar. Ennfremur vil ég þakka Eyjólfi Eyfells og vanslafólki hans fyrir það, að þessari yfirlitssýningu verka hans skyldi hér upp komið í æskubyggðarlagi hans. Þessi fóstursonur Flóans hefur tvímælalaust goldið vel fósturlaunin og borið hróður Árnesþings vítt um á langri og farsælli starfsævi.

Að endingu vil ég svo óska Eyjólfi og fjölskyldu hans allrar blessunar um ókomin ár og vona að honum megi enn auðnast að skapa listaverk í viðbót við þau, sem hann þegar hefur gert. Einnig að honum megi enn auðnast að heimsækja sína kæru heimahaga, Grænuborg og Klettabrekku, þar sem hann meitlaði upphafsstafi sína á unglingsárum í fallega lagaðan klett. Eyjólfur Eyfells hefur að vísu flutt búferlum vestur yfir heiði, en þó hefur hann aldrei frá okkur farið og minnast skulum við þess, að átthagaást er ættjarðarást og tryggð og vinfesti eru alltaf aðalsmerki góðs Íslendings.